

5. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Föstudaginn 27. apríl 2018 var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún.

kl. 12.30 í Eyvindarstofu Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Þorleifur Ingvarsson, Þóra Sverrisdóttir, Einar K. Jónsson, Magnús Björnsson, Dagný Úlfarsdóttir, Valgarður Hilmarsson, Halldór Ólafsson, Steindór R. Haraldsson, Magnús B. Jónsson, Guðný Sverrisdóttir og Eyrún Gísladóttir .

Þorleifur Ingvarsson, formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum. Valgarður Hilmarsson ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar nefndarinnar var lögð fram.
2. Eyrún og Guðný sögðu frá íbúafundum sem Ráðrík ehf. hélt á sex stöðum í sýslunni, þeir voru mjög vel sóttir, en á þriðja hundrað íbúar mættu á fundina.
Þá kynntu þær samantekt sem þær hafa unnið eftir fundina, þar sem dregið er fram það helsta sem kom fram.
Samantektin er flokkuð eftir málaflokkum í rekstri sveitarfélaganna.
Nokkrar umræður urðu um samantektina og það sem kom fram í máli þeirra.
Þá lögðu þær Eyrún og Guðný fram eftirfarandi tillögur Ráðrík ehf. um næstu skref með nýjum sveitarstjórnnum.

Tillögur Ráðrík ehf. um næstu skref:

1. *Í ljósi þeirrar vinnu og upplýsingum sem fram hafa komið telur Ráðrík ehf. rétt að stefnt verði að sameiningarkosningum. Aðkoma Ráðrík verði í samræmi við samning, nema samið verði um annað.*
2. *Hefja þyrfti sem fyrst vinnu við samfélagssáttmála í samráði við íbúa sveitarfélaganna. Samfélagssáttmálinn innihaldi stefnu sameinaðrar sýslu til 20 ára í fræðslumálum og íþrótt- og æskulýðsmálum.*

- Þessi mál brenna mjög á íbúum sveitarfélaganna, hvort sem þau sameinast eður ei. Þá virðist jarðvegur fyrir því að útbúa sameiginlega stefnu í þessum málaflokkum.*
- 3. Einnig þyrfti að ræða, og þá e.t.v. sem hluta af samfélagssáttmála, viðhorf íbúa og samstöðu, eða samstöðuleysi og að mótuð verði lýðræðisstefna um upplýsingagjöf og reglubundið samtal við íbúana.*
 - 4. Mikilvægt er að samstaða og sameiginlegur skilningur sé um fyrirkomulag fjallskila.*
 - 5. Í samantekt af opnum fundum eru ákveðin atriði undirstrikuð . Það eru þættir sem áriðandi er fyrir íbúana að vinna saman að, hvort sem verður í sameinuðu sveitarfélagi eða ekki. Þar má nefna samstarf í atvinnumálum og þá ekki síst í ferðaþjónustu.*

3. Formanni sameiningarnefndar var falið að kynna nýjum sveitarstjórnnum stöðu verkefnisins.

Formaður þakkaði ráðgjöfum Ráðrík ehf. og nefndarmönnum samstarfið.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið